

Brunavarnaáætlun



Slökkviliðs Dalabyggðar

Efnisyfirlit

Samþykkt	4
Markmið	5
Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar	5
Gerð brunavarnaáætlunar	5
Endurskoðun brunavarnaáætlunar	6
Samráð við gerð brunavarnaáætlunar	6
1. Áhættumat.....	7
2. Þjónustustig.....	8
3. Skipulag slökkviliðs	9
3.1. Verkefni slökkviliðs.....	10
3.2. Forvarnarstarf	10
3.3. Útkallsstarf	11
3.2. Annað	12
4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð	13
4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf.....	13
4.2. Svar- og greiningartími	13
4.3. Boðunartími	13
4.4. Virkjunartími	13
4.5. Viðbragðstími	13
5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður	14
5.1. Húsnæði	14
5.2. Bifreiðar	15
5.3. Búnaður	15
5.4. Fjarskipti	17
5.5. Viðvörunarbúnaður	18
5.6. Æfingarsvæði.....	18
5.7. Annað	18
6. Landupplýsingar.....	18
7. Vatnsból og brunahanar.....	18
8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur.....	19
9. Hafnir og mörk þeirra	19
10. Samkomulag og samningar	27
11. Flugvöllur Varaaflsstöðvar	28
12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun.....	28
12.1. Húsnæði	28

12.2. Bifreiðar	28
12.3. Menntun og búnaður	29
12.4. Framkvæmdaáætlun	29
Dreifingarlisti.....	31
Heimildir	31
Fylgiskjöl.....	32
Fylgiskjal 1	32
Fylgiskjal 1.1	32
Fylgiskjal 2.....	33
Fylgiskjal 3.....	43
Fylgiskjal 3.1.....	44
Fylgiskjal 4.....	45

Samþykkt

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Slökkviliðs Dalabyggðar samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001.

Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur umsögn Brunamálastofnunar og samþykkt sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkviliðið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og fjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”


Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Búðardal, 3. júní 2007




SVLITARSTJÓRI
DALABYGGÐAR

F. h. Dalabyggðar



F. h. Brunamálastofnunar



Slökkviliðsstjóri

Markmið

Slökkvilið Dalabyggðar hefur að leiðarljósi með þessari brunavarnaráætlun að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000.

“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.”

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. málsgrein laga um brunavarnir nr. 75/2000:

“Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”

Jafnframt er eitt af megin markmiðum með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum þjónustusvæðisins á aðgengilegan máta hvaða þjónustustig er veitt og hvernig.

Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar

Gerð brunavarnaáætlunar

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. málsgrein segir:

“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.”

Brunavarnaráætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Dalabyggðar eftir leiðbeiningum sem Brunamálastofnun gefur út.

Við gerð brunavarnaráætlunar á að gera áhættumat, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarnaadstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð. Ekki er til áhættumat fyrir svæðið í heild sinni en öðrum vinnuaðferðum beitt.

Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun er að gerðar verði viðbragsáætlanir (t.d. slökkviláætlanir og mengunarvarnaáætlanir) a.m.k. yfir alla stærstu og erfiðustu áhætturnar á svæði slökkviliðsins

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort:

- Tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur
- Fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg
- Nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi
- Slökkvistöð liðsins uppfylli þarfir liðsins

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- Endurnýja eða fjölga slökkvibílum, dælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins
- Bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir.
- Tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum

- Auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana
- Gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstrarfé fyrir slökkviliðið. Gera þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskriftareglur sem gefa vísbendingu um þá fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda tækjabúnaði í horfinu.

Forsendur fyrir brunavarnaráætlun má einnig finna í:

- Öðrum áætlunum fyrir slökkvilið í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum
- Áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum.
- Öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga

Helstu breytingar á starfssvæði slökkviliðsins sem hafa áhrif á starfsemi þess og eru fyrisjáanlegar innan næstu fimm ára koma fram í brunavarnaáætluninni.

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun þarf að endurskoða a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún var samþykkt, eins og fram kemur í 13. gr. laga um brunavarnir:

“Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”

Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaráætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.

Samráð við gerð brunavarnaráætlunar

Eftirtöldum aðilum var gefinn kostur á að koma á framfæri atriðum sem nýst geta við gerð brunavarnaáætlunar SG.

- | | |
|--------------------------------------|-----------------------------|
| • Almannavarnarnefnd Dalabyggðar | • Sýslumaðurinn í Búðardal |
| • Björgunarsveitin Ósk | • Neyðarlínan |
| • Brunamálastofnun | • Vatnsveita Dalabyggðar |
| • Byggingafulltrúi Dalabyggðar | • Slökkvilið Reykhólahrepps |
| • Sveitarstjórn Dalabyggðar | • Slökkvilið Bæjarhrepps |
| • Heilbrigðisnefnd Vesturlands | • Slökkvilið Stykkishólms |
| • Vinnueftirlit ríkisins Vesturlandi | • RARIK |

Áhættumat

Hér verður gefið yfirlit yfir helstu staði eða fyrirtæki þar sem mest hættu er á slysum eða tjóni vegna bruna, sprenginga eða mengunar.

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu

$$\text{Áhætta} = \text{líkindi} \times \text{afleiðing}$$

Hér verður áhættugreining fyrst og fremst byggð á huglægu mati sem byggir á þekkingu og reynslu slökkviliðsstjóra, en einnig byggt á tölfræði og útreikningi. Mikilvægt er að hefja vinnu við samræmt áhættumat á starfssvæði slökkviliðsins. Mengunar og slökkvíaætlanir eru ekki til fyrir stærri áhættur innan starfssvæðisins en það mun verða gert.

Áhætta á starfssvæði slökkviliðs er mismunandi og hafa verður í huga stærð og getu slökkviliðsins.

- Mjólkursamlagið Búðardal, Brekkuhvammi 15
- Grunnskólinn Búðardal
- Hótel Edda, Laugum
- Íþróttahúsið Laugum
- Dalalamb ehf, Ægisbraut 2, sláturhús
- Félagsheimilið Dalbúð, Miðbraut 8
- Félagsheimilið Árblik, Kvennabrekku
- Dvalarheimilið Silfurtún
- Fóðuriðjan Ólafsdal
- Heilsugæslustöðin Búðardal
- Hjúkrunarheimilið Fellsenda
- Meðferðarheimili SÁÁ, Staðarfelli
- Veiðihúsið Þrándargili
- Vegagerðin, Vesturbraut 16
- Trésmiðjan Megin, Vesturbraut 8
- Verslunarhús, Dalakjör, Vesturbraut 10
- Bifreiðapjónustan KM, Vesturbraut 20

1. Þjónustustig

Þjónustu slökkviliða er skift upp í sex meginþjónustuflokka:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn slökkviliðsins hafa fengið og fá þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss.

2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Ekki hafa allir slökkviliðsmenn slökkviliðsins gild reykköfunarréttindi bæði vegna aldurs og í öðrum tilvikum hafa menn óskað eftir að sleppa við reykköfun af öðrum ástæðum. Þjálfun þeirra skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000. Svo og reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað 26 júlí 1984.

3. Björgun fólks með klippum, glennum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum

Í Búðardal eru til staðar björgunartæki til björgunar m.a. úr bílflökum. Slökkviliðsmenn hafa fengið þjálfun með klippubúnað. Slökkviliðið sinnir þessum þætti.

4. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun

Í Búðardal eru ekki til (0) eiturefnabúningar, búnaður og viðbragðsáætlun til að takast á við „miltisbandgró“ og grunnbúnaður til að hreinsa upp olíu og bensín. Þjálfun hefur einungis miðast við að taka á ammoníakleka í sláturhúsi. Heildarlausn vegna mengunaróhappa er ekki til sem stendur og hefur ekki verið tekið á þeim þætti sem fram kemur í lögum nr. 75/2000 um brunamál, þar sem kemur fram að viðbrögð vegna mengunaróhappa er á höndum slökkviliðs sveitarfélagsins. Á næstu tveimur árum verður komið upp búnaði á svæðinu í samráði við önnur slökkvilið vegna viðbúnaðar mengunarslysa. Uppbygging verður svo í samræmi við kröfur og leiðbeiningar Brunamálastofnunar. Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna verður í takt við kröfur BR. Slökkviliði Dalabyggðar mun sinna mengunar og eiturefnaslysum eftir því sem aðstæður leyfa í samræmi við skipulaga á svæðinu.

5. Eldvarnareftirlit

Eldvarnareftirlit skal vera í samræmi við lög nr. 75/2000. svo og reglugerð um Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun. frá 7. apríl 1994. Eldvarnareftirliti verður sinnt af slökkviliðinu eða öðrum aðila innan svæðisins.

6. Önnur þjónusta

Sjúkraflutningar

Heilsugæslan í Búðardal sér um sjúkraflutninga á svæðinu

Dælingar

Slökkviliðið sinnir einnig þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka, samkvæmt beiðni o.fl.

Slökkvitækjahleðsla

Ekki er rekin slökkvitækjahleðsla í Búðardal. Það er gert bæði í Stykkishólmi og í Borgarnesi, en slökkviliðið hefur staðið fyrir endurhleðslu slökkvitækja á staðnum og mun halda því áfram.

Öryggisvöktun


Ekki hefur verið framkvæmd öryggisvöktun á starfssvæðinu

Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði

Slökkviliðið sinnir aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Slökkviliðið getur einnig óskað aðstoðar frá öðrum brunavarnarsvæðum þó svo að ekki séu til staðar skriflegir samstarfssamningar.

3. Skipulag slökkviliðsins

Skipurit fyrir Slökkvilið Dalabyggðar er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna.



Mynd 1. Skipurit Slökkviliðs Dalabyggðar.

Staða slökkviliðsstjóri á að vera a.m.k. 29% starfi auk þess er tveir varaslökkviliðsstjórar og a.m.k. 17 skipaðir slökkviliðsmenn.

Samstarf er á milli lögreglu, björgunarsveita og slökkviliða á Snæfellsnesi og Búðardal. Slökkviliðið er hluti af almannavarnakerfi Dalabyggðar og sinnir þar brunavörnum og mengunavörnum. Einn starfandi lögregluþjónn er í Búðardal og í Björgunarsveitinni Ósk eru um 20 menn sem geta mætt merð stuttum fyrirvara.

Alls eru þrír yfirmenn í slökkviliðinu þ.e. slökkviliðsstjóri og 2 varaslökkviliðsstjórar.

Slökkviliðsstjóri annast rekstur slökkviliðsins á grundvelli laga og reglugerða. Hann ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn en í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri þá ábyrgð.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjórar skipta á milli sín vöktum þannig að alltaf sé einn stjórnandi á vakt allt árið um kring.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar eru að:

- stjórna starfseminni og samræma og tryggja að öll svið slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett.
- sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að tryggja að heildarstarfsemin sé innan ramma fjárhagsáætlunar.
- stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins.

- sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt.
- stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við gildandi þjónustustig.
- stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð slökkviliðs er í höndum slökkviliðsstjóra.

- Í útköllum er unnið eftir aðgerðaskipulagi sem skilgreinir í megin dráttum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum.

3.1. Verkefni slökkviliðs

Slökkvilið sinnir öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum eða sjó. Slökkviliðið er fært til að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun. Slökkviliðið aðstoðar við slökkvistörf í nágrannasveitarfélögum samkvæmt beiðni. Slökkviliðið sinnir björgun fólks úr bílflökum. Slökkviliðið sinnir eldvarnareftirliti en sjúkraflutningar eru í höndum Heilsugæslunar í Búðardal. Engin stjórnstöð er hjá slökkviliðinu og því enginn í stöðinni þegar á útkalli stendur.

Mengunarslysaviðbragð er ný þjónusta sem sveitarfélögunum er skylt að sinna. Unnið er að samstarfi sveitarfélaga til að annast þann þátt slökkviliðsins. Komið skal upp búnaði til að takast á við mengunaróhöpp á landi í samstarfi við nágrannasveitarfélög. Slökkviliðsmenn verða þjálfaðir í að takast á við mengunaróhöpp á landi í samstarfi við Brunamálaskólann. Búnaður skal vera í samræmi við búnaðarlista sem Brunamálastofnun leggur til að verði til staðar.

Viðbragðsáætlun vegna mengunarvarnarslysa er ekki til. Á næstu tveimur árum verður komið upp mengunarslysadeild innan slökkviliðsins sem sinnir mengunarslysum. Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna verður í takt við kröfur BR. Slökkvilið mun sinna mengunar og eiturefnaslysum eftir því sem aðstæður leyfa í samræmi við skipulag á svæðinu.

Við almannavarnaraðstæður er unnið eftir skipulagi almannavarna.

Þjónusta sem er ekki samkvæmt lögum;

Slökkviliðið sinnir björgun fólks með klippum, glennum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum.

3.2. Forvarnarstarf

Dagleg umsýsla forvarnadeildar heyrir undir slökkviliðsstjóra.

Dagleg umsýsla forvarnadeildar heyrir undir slökkviliðsstjóra. Gera skal kröfu um að eldvarnaeftirlitsmaður hafi starfsréttindi samkvæmt 15. og 17. grein laga nr. 75/2000. Slökkviliðið mun sinna þessum þætti. Stöðugildi forvarnastarfs þarf að vera a.m.k. 15% sem er ekki hluti af starfshlutfalli slökkviliðsstjóra.

Helstu verkefni forvarnardeildar eru:

- Eldvarnareftirlit
- Úttekt á skoðunarskildum stöðum skv. Reglugerð um eldvarnareftirlit sveitarfélaga
- Skoðun teikninga bygginganefndar
- Umsögn vegna veitinga og gististaða
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir
- Fræðsla í skólum um eldvarnir
- Slökkviliðsstjóri hefur seturétt á bygginganefndarfundum

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarnardeildar er í höndum slökkviliðsstjóra

Eldvarnareftirliti hefur verið ábótavant þó flestir skoðanaskyldir staðir hafi verið skoðaðir en ekki með eðlilegu millibili og eftirfylgni á kröfum lital.

Sá sem sinnir eldvarnareftirliti á að vera löggiltur eldvarnareftirlitsmaður og skal hafa hlotið menntun á því sviði sem Eldvarnareftirlitsmaður III hjá Brunamálaskólanum eða sambærilega menntun. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans. Eldvarnareftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001. Listi um skoðunarskylda staði er í listanum í fylgiskjali 2.

Endurmenntun er í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans.

3.3. Útkallsstarf

Slökkviliðsstjóri samhæfir búnað og menntun starfsmanna í samræmi við mótaða stefnu. Hann leggur mat á einstaka þætti starfseminnar og kemur með tillögur um þróun og úrbætur.

Helstu verkefni eru:

- slökkvistarf
- viðbrögð við umhverfisslysum (klippuvinna)
- Mengunarslys
- þjálfun og æfingar
- dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar
- björgunar- og slökkvistörf
- almannavarnir
- viðhald og prófanir á fjarskiptabúnaði
- æfingar og þjálfun starfsmanna

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð er í höndum slökkviliðsstjóra. Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Heildar fjöldi slökkviliðsmanna er 17 í dag eru þrír þeirra í hlutastarfi. Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð

slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og gildandi þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma í samræmi við gildandi þjónustustig. Ekki hafa þó allir tilskilin réttindi til að aka meiraprófsbílum og aðrir eru ekki færir um að stunda reykköfun.

Slökkviliðið sinna vatnsöflun, slökkvistarfi utan- og innanhús ásamt reykköfun, minni háttar mengunarslysi s.s. olíuleka og svo klippuvinnu.

- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 50% slökkviliðsmanna að vera með reykköfunarréttindi.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 50% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til að vinna klippuvinnu sem slökkviliði annast.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 75% slökkviliðsmanna að hafa lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 50% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa.
- Lámarksfjöldi í slökkviliðinu er 20 manns.

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Æfingaráætlun er að finna í fylgiskjali 4.

Slökkviliðið mun sinna menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur Brunamálaskólans. Auk þess mun slökkvilið gera áætlun til fimm ára og verður sú fyrsta gerð fyrir starfsárið 2006. Sjá menntunarstig í fylgiskjali 3. og 3.1. Nauðsynlegt er að efla menntunarstig og menntun slökkviliðsmanna.

Í útköllum er unnið eftir aðgerðarskipulagi sem skilgreinir í megin dráttum verkefni manna í hverri stöðu.

3.4. Annað

Vinna þarf að því að koma upp lítilli mengunarslysadeild innan slökkviliðsins. Mengunarslysadeild skal útbúin nauðsynlegum búnaði til að takast á við þekkt eitur og spilliefni sem vitað er að eru á starfssvæðinu eða fara um það. Þjálfar skal slökkviliðsmenn til að meðhöndla og vinna með búnaðinn. Vinna skal viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa

4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Slökkvilið Dalabyggðar er ekki með stjórnstöð í slökkvistöð. Tiltækar er nokkrar handtalstöðvar. Neyðarsvörun er í höndum Neyðarlínunnar sem hefur upplýsingar um alla slökkviliðsmenn og einnig sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum og símhringingum. Hlutverk slökkviliðs í almannvá eru skilgreind í neyðarskipulag.

4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við Almannavarnir Dalabyggðar og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum almannavarna. Helstu viðburðir sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru meiriháttar mengunarslys á svæðinu t.d. meiriháttar bruni eða rýming hjá Mjólkursamlaginu, sláturhúsinu, hjúkrunar- og dvalarheimili eða öðrum stað þar sem fjölmenni er saman komið. Hægt er að keyra um með sírenu og láta almenning þannig vita af yfir vofandi hættu.

4.2. Svar- og greiningartími

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3.7 sek. og greiningartími er allt að 1.5 mín en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna, ásamt því að uppfæra upplýsingar eftir þörfum

4.3. Boðunartími

Eins og áður hefur komið fram sér Neyðarlínan um boðun slökkviliðsins með SMS skilaboðum og símhringingum. Boðunin er gerð samkvæmt fyrirmælum slökkviliðsstjóra. Viðmiðið sem notast er við er að fyrsti slökkvibíll skal vera kominn út úr stöð innan fimm mín. miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki. Slökkviliðsstjóri sér um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna. Björgunarsveitir sjá sjálfar um að uppfæra boðunarlista sinn í gegnum landstjórn björgunarsveita. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap. Hjá slökkviliði er ekki gerður greinamunur á boðun slökkviliðs vegna almannavarnarástands eða annarra ástæðna.

4.4. Virkjunartími

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 60 sek. frá því að dælubíll stöðvar við eldstað í þéttbýli. Er þessi ferill æfður og tímatekinn a.m.k. einu sinni á ári. Almennt er slökkvistarf komið í gang innan fjórar mínútna frá því að slökkviliðið kemur á staðinn.

4.5. Viðbragðstími

Viðbragðstíma er skipt upp í þrjú tímabelti og flokka (sjá mynd). Í fyrsta tímabeltinu, flokk I, eru aðgerðir hafnar innan 10 mín. frá boðun (grænt), í tímabelti tvö, flokk II; eru aðgerðir hafnar innan 20 mín. (gult) og í þriðja tímabeltinu, flokk III, eru aðgerðir hafnar innan 30 mín. (rautt). Þessi tímabelti eru sýnd á meðfylgjandi korti (fylgiskjal 1 og 1.1). Þar sem slökkvilið er lengur en 30 mín er séð til þess að fólk sé upplýst um mikilvægi slökkvitækja, reykskynjara og rýmingarleiða.

5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður

Allur búnaður slökkviliðsins er í eigu Slökkviliðs Dalabyggðar og gildir fjárhagsáætlun hreppsins um þær. Afskriftir eru samkvæmt afskriftareglum sveitarfélagsins. Búnaður er afskrifaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda.

5.1. Húsnæði

Slökkvistöðin er að Miðbraut 11, Búðardal



Byggingin er bárujárnsklætt steinsteypt og úr timbri, byggð 1949. Byggingin er tvískipt með steiptum vegg er alls á 94,5 m² og 78,5 m². Í aðstöðunni er aðstaða fyrir tvær slökkvibifreiðar. Engin aðstaða er fyrir slökkviliðsmenn í dag, en úr því rætist þar sem slökkvilið hefur fengið allt húsið til umráða og þá ætti öll aðstaða að batna til muna.

5.2. Bifreiðar



Dalabyggð

- Iveco Deutz árgerð 1982, 4x4 með 5500 l vatnstank, 500 l froðutank og 3200 l/mín dælu.. Bíllinn er í góðu ástandi.
- MAN 19 293 árgerð 1989 4x4. Þetta er tankbifreið með 7200 l tank. og 4000 l/mín dælu. Bíllinn er í góðu ástandi.

Önnur tæki

- Í útköllum er notast við tilfallandi bifreiðar til mannflutninga. Samkvæmt lögum nr. 75/2000.
- Bifreið björgunarsveitar.

5.3. Búnaður

Dælur

- Angus 1000 l/mín.
- Climax 1200 l/mín
- Climax 1200 l/mín
- Climax 1200 l/mín

Ástand gott

Nothæf

Þarfnast viðgerðar.

Ónothæf/varahlutir

- Rafstöð 5 kw

Góðu ástandi

- Ljósamastur Gott ástand
- Lausir kastarar, 3 stk. Gott ástand

- 2 sett Scott, reykköfunartæki, Gott ástand
- 2 auka kútar fyrir reykköfun.(300 bar.) Gott ástand
- 2 sett Fenzy, reykköfunartæki, Gott ástand
- 3 sett Fency 5500 Gott ástand
- 1 stk. Fenzy (eldra) Gott ástand
- 5 auka kútar fyrir reykköfun (200 bar) Gott ástand
- Loftpressa til hleðslu Bauer 300 bar. 1. stk.
- Líflína 1. stk
- Reykköfunarborð 1. stk.
- Reykköfunarbjöllur 3. stk.

- Búnaður fyrir froðu, blandari og tveir stútar.
 - 1 stk. froðustútur (kaststútur)
 - 1 stk. millifroðutrekt
 - 1 stk. millifroðublandari (jektor)
 - 250 lítrar millifroða

Stútar, greinistykki og lagnir (að mestu í góðu ástandi)

- 1 stk Vatnsveggur
- 2 stk Safnstykki
- 5 stk. Greinistykki
- 4 stk. Millistykki
- 3 stk. Hoenig
- 1 stk. Elkart
- 9 stk Akron
- 5 stk. AWG

- Stofnlagnir 4" 25 m.
- Stofnlagnir 3" 80 m.
- Fæðislöngur 2 ½" 1200 m.
- Vinnuslöngur 2" 200 m.
- Vinnuslöngur 1 ½" 225 m.
- Vinnuslöngur 1" 0 m.
- Sogbarkar 4 stk. 4 ¼" 2 m
- Sogbarkar 6 stk. 3" 3 m

- Yfirprýstingsblásari, bensín

Hlífðarfatnaður

- 3 stk. eiturefnagallar (einnota).
- 16 stk. hlífðargalla
- 10 stk eldri hlífðargallar.
- 16 stk. hjálmar.
- 19 stk. öryggisstígvél.
- 15 stk. reykköfunarhettur.

Handverkfæri eru öll í góðu standi og eru yfirfarin mánaðarlega.

- Almenn handverkfæri, sagir, hamrar, brotverkfæri o.fl. heild

Stigar

1 stk. stigi 7 m x2 álstigi (breskur)

Björgunartæki:

Weber björgunartæki klippur glennur.

Lúkas tjakkur 100Kn.

Lúkas batteríssög. Járn/tímur.

Tæki til súrefnisgjafar.

Fyrstuhjálparsett, með áherslu á brunasár, gelpúðar nokkrar stærðir.

5.4. Fjarskipti

Notast er við VHF fjarskipti á lokuðum rásum slökkviliðsins, ekki er til staðar endurvarpi fyrir rásir slökkviliðs en hægt er að notast við endurvarpa almannavarna og björgunarsveita. Engar varaleiðir eru til staðar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á að viðhaldi, endurnýjun og rekstur sé með eðlilegum hætti. Allir slökkviliðsmenn hafa GSM síma. Gert er ráð fyrir því að slökkviliðið taki í notkun Tetra –kerfið þegar það verður tilbúið í Maí 2007.

- farsími NMT2 stk.
- farsími GSM6 stk.
- Talstöðvar fyrir reykkafara1 stk.
- Handstöðvar.....3 stk.
- Fastar talstöðvar í slökkvibífreidum.....0 stk.

Farsímar (vegna SMS boðunar) eru í eigu slökkviliðs og einkaeigu.

5.5. Viðvörðunarbúnaður

Ekki til staðar annar búnaður en viðvörðunarljós og sírenur á slökkvibifreiðum.

2.stk laus Viðvörðunarljós fyrir einkabíla.

5.6. Æfingarsvæði

Ekkert ákveðið æfingarsvæði er til hjá slökkviliðinu heldur er notast við þau svæði, húsnæði og aðstöðu sem í boði eru hverju sinni og best henta. Vinna verður að því að finna slökkviliðinu æfingarsvæði.

5.7. Annað

Slökkviliðið sér ekki um sjúkraflutninga.

6. Landupplýsingar

Landfræðilegt þjónustusvæði slökkviliðsins er allt sveitarfélagið og nær frá sunnanverði Bröttubrekku í suðri og í botn Gilsfjarðar í norðri. Frá Gjúfurá í vestir og að langleiðin yfir Laxárdalsheiði í austri.

Ekki er notast við neitt sérstakt leiðarkerfi á leið í útköll heldur eru slökkviliðsmenn almennt nokkuð kunnugir um héraðið og rata um vegi sveitarfélagsins en til taks eru í slökkviliðsbifreiðum landakort af svæðinu og er notast við þau ef á þarf að halda. Í slökkvibílum verður mappa með grunnupplýsingum og staðhátarupplýsingum af sveitarbæjum og upplýsingum um vatnsból og helstu þætti, ásamt kort af dreifbýli og götukorti í þéttbýli. Þetta kemur í bílana árið 2007. Slökkviliðsstjóri er ábyrgur fyrir því að uppfæra þessar upplýsingar. Sjá fylgiskjal 1 og 1.1.

7. Vatnsból og brunahanar

Í Búðardal eru 8 brunahanar með vatnsprýsting upp á 3-4 bar.300-400ltr/m. Einnig eru tveir brunahanar í Saurbæ, við Tjarnarlund og við Fóðuriðjuna.

Viðhald vatnsveitu og þar með brunahana er í höndum Vatnsveitu Búðardals. Nánari upplýsingar er að finna hjá Vatnsveitu Búðardals. Vatnsveitan er mjög léleg og þarf að endurbæta. Byrjað er að endurhanna vatnsveituna mið tilliti til vatnsöflunar og verður 1. áfanga lokið 2007.

Aðgengi að vatni í dreifbýli er misjafnt, allt frá því að vera gott þ.e. nóg vatn í að vera slæmt eða ekkert vatn.

8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur

Hér á eftir eru taldar upp helstu bruna- og mengunaráhættur á svæði slökkviliðsins

Mjólkursamlagið Búðardal, Brekkuhvammi 15

Byggingin er einar sex brunasamstæður, byggð á árunum 1964/67/69/76/81/86/99 og er á um 3056 m². Í norðurhlutanum eru mikið um veggir úr Yleiningum sem eru með steinullar einangrun (ekki vitað um vottun veggja). Hurðir eru víða A-EI-C60 og eru á segulgripum. Víða er opið með lögnum. Fyrir miðri suðurhlið (enda) eru skrifstofur og aðstaða starfsmanna. Þaðan er E-C30 hurð að gangi (gler er í vegg að salerni kvenna). Vinnsla fer fram í austur og vestur hlutum byggingarinnar. Einnig er kæli með austurhlið. Ketilhús er í suðvesturhorni og því er A-EI-C60 hurð. Unnið er að setja A-EI-C60 hurð að byggingu sem er í austur. Opið er að byggingu til vesturs. Að gangi til norðurs er A-EI-C60 hurð. Þarna eru veggir Yleiningar (steinull). Hurir í þessum veggjum eru A-EI-C60. Vestan megin við ganginn er kæli. Til austurs er lyftarabergi og geymsla varasamra efna (sýrur). Í norðurenda er límrésbygging og er henni skipt í tvennt. Í vesturhlutanum er bílageymsla en lager er í austurhlutanum. Veggur að lager er Yleiningar og hurð er A-EI-C60. Í lager er mikið brunaálag. Rýmingarleiðir eru í gagnstæðar áttir. Sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi er í byggingunni.

Niðurstæða:

Ekki eru miklar líkur á eldsvoða. Aðgerðir slökkviliðsins miðast fyrst og fremst við vindátt. Vatnsöflun gæti orðið vera vandamál. Aðstoð þarf frá öðrum slökkviliðum. Bruni í byggingunni gæti valda mikilli röskun á atvinnuástandi og þjónustu í byggðalaginu. Nauðsynlegt er að ganga frá hólfun byggingar og athuga með slökkvivatn.

Grunnskólinn Búðardal

Byggingin er steinsteypt, byggð á árunum 1975/83 og er á 1192,8 m². Húsið er, eins og nú háttar til, tvö brunahólf. Í flestum kennslustofum og þjónusturýmum starfsfólks eru venjulegar spjaldahurðir. Í eldri byggingarhluta hússins er einfalt venjulegt gler í efsta hluta veggja, sem afmarka kennslustofur og þjónusturými starfsfólks frá gangarými í rýmingarleiðum. Opinn samgangur er á milli handavinnustofu og efnisgeymslu, Einnig er opið inn á loftrými handavinnustofu. Húsið er tveir sambyggðir byggingarhlutar. Tengibygging, ein hæð, er á milli byggingahlutana. Eftirtalin rými eru í húsinu: Almennar kennslustofur alls 8, kennslueldhús, bókasafn, kennaraaðstaða, smíðastofa, tveir litlir salir, gangarými o.fl. Á milli tengibyggingar og suðurhluta hússins er EI-CS60 hurð. Í flestum kennslustofum og þjónusturýmum starfsfólks eru venjulegar spjaldahurðir. Í eldri byggingarhluta hússins er einfalt venjulegt gler í efsta hluta veggja, sem afmarka kennslustofur og þjónusturými starfsfólks frá gangarými í rýmingarleiðum. Öll opnanleg gluggafög í kennslustofunum eru 50 x 110 sm, og eru í u.þ.b. 110 sm hæð frá gólfi. Öllum opnanlegu gluggafögum er haldið í opinni stöðu með Assaflex stormjárnnum.

Leikskóli u.þ.b. 138 fermetra rými, þrjár stofur og rými þeim tengdum er í norðausturhluta hússins. Veggir og loft þar steinsteypt. Leikskólarýmið er afmarkað annars vegar frá miðkjarna Grunnskólans með trégrind, sem klædd er aðeins öðrum megin með 10 mm þykkum spónaplötum og hins vegar frá kennslueldhúsi með EI60 vegg. Hurð í veggnum, að eldhúsi, er venjulegar spjaldahurðir.

Úr hvorum byggingarhlutanum fyrir sig eru rýmingarleiðir í tvær áttir. Hurðir í rýmingarleiðunum eru lykillæstar. Opnun á björgunaropum, opnanlegum gluggafögum í

kennslustofum er ófullnægjandi. Öllum opnanlegu gluggafögunum er haldið í opinni stöðu með stormjárnnum (Assaflex), sem hafa ófullnægjandi opnun á björgunaropunum. Sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi er í hluta byggingar.

Niðurstaða:

Ekki eru miklar líkur á eldsvoða. Aðgerðir slökkviliðsins miðast fyrst og fremst við hvaða vindátt er og fjölda nemenda og kennara. Vatnsöflun á ekki að vera vandamál. Aðstoð þarf frá öðrum slökkviliðum. Nauðsynlegt er að ganga frá hólfun byggingar í samræmi við hönnun. Bruni í byggingunni gæti valda nokkurri röskun á atvinnuástandi og þjónustu í byggðalaginu.

Hótel Edda, Laugum (skólabúðir)

Byggingin er steinsteyp, byggð á árunum 1953/63/72/73 og er á 3.000 m². Í heimavit (gistiherbergi) er A-EI60 hurðir í kjallara og á 1. hæð. Hurðir herbergja eru spjaldahurðir. Einnig er A-EI60 frá matsal að gangi til vesturs. Í norðurhluta er stigahús og það veru E-CS30 hurðir. Veggir gistiherbergja eru steypir eða gifsklæddir. Hurðir gistiherbergja eru EI-S30. Hurðir að stigar og gangi haldast ekki í lokaðri stöðu. Að öðru leyti eru hurðir spjaldahurðir og byggingin opin. Heimavistaálman er til suðurs. Hún er á tveimur hæðum ásamt kjallara. Í kjallara er salur, lítil íbúð, gistiherbergi (starfsfólk) og geymslur. Á 1. hæð eru 10 gistiherbergi og salerni. Einnig er íbúð í suðurhorni. Á 2. hæð eru 11 gistiherbergi og salerni. Opið er á milli hæða í suðurhluta. Norðan við gistiálmuna (heimavist) er eldhús og borðsalur. Í kjallara undir borðsal er setustofa. Frá borðsal er A-EI60 hurð að gangi sem liggur með fyrrum aðstöðu kennara. Gler er í veggjum upp við loft. Hurðir eru spjaldahurðir. Frá ganginum er opið að gangi sem tvær kennslustofur eru við en við enda gangs er stigi niður í kjallara. Við stigann er opið að tengigangi sem er að íþróttahúsi. Að kjallara er spjaldahurð. Í kjallara er minjasafn. Gangur liggur síðan að skólabyggingu sem liggur vestur-austur. Byggingin sem liggur vestur-austur er hæð og kjallari. Í kjallara er starfrækt þvottahús. Þar er útidyr frá geymslu í vesturhluta. Á hæðinni er einn salur (var tvær kennslustofur). Einnig er þarna herbergi í austurhorni. Hurð með gleri er að gangi að fyrrum aðstöðu kennara. Að byggingu sem er vestast er E-CS30 hurð. Byggingin sem er vestast (norður) liggur suður-norður og er á tveimur hæðum. Þarna eru 22 gistiherbergi og móttaka hótelsins. Ein rýmingarleið er úr setustofu í kjallara og úr rými byggðasafns í kjallara. Í heimavistahluta eru tvær leiðir. Frá borðsal eru tvær leiðir. Tvær leiðir eru frá byggingu sem er vestast. Í herbergjum eru myndir af rýmingarleiðum. Sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi er í byggingunni en það er komið til ársins (víða hitaskynjarar í gistiherbergjum).

Niðurstaða:

Ekki eru miklar líkur á eldsvoða. Aðgerðir slökkviliðsins miðast fyrst og fremst við hvaða vindátt er og fjölda gesta. Vatnsöflun verður vandamál. Aðstoð þarf frá öðrum slökkviliðum. Bruni í byggingunni gæti valda nokkurri röskun á atvinnuástandi og þjónustu í byggðalaginu. Nauðsynlegt er að ganga frá hólfun byggingar og yfirfara brunaviðvörðunarkerfi. Athuga þarf aðgengi og magn slökkvivatns. Það tekur slökkvilið um 20 mín að komast á staðinn.

Íþróttahúsið Laugum

Byggingin er steinsteyp með límtré í þaki. Byggingin er byggð árið 1988 og er á 1356,5 m². Á jarðhæð hússins eru eftirtalin rými: Íþróttasalur, afgangi, áhorfendastúka, tveir stigagangar eru á áhorfendastúku. Við enda áhorfendastúku, þakrými, er loftræstitækjaklefi. A-EI60 hurð er fyrir klefanum. Lítið leiksvið úr timbri er í salnum. Kjallari er undir hluta hússins m.a leiksviði. Aðeins er gengt í kjallarann að innan. Kjallarinn er aðskilin frá jarðhæð með A-EI60 hurð. Í kjallara eru eftirtalin rými: Lagnagangur, geymslurými, ein kennslustofa, handavinnustofa. Áfast suðurhlíð hússins er bygging úr steinsteypu með einhallabaki, aðstaða í tengslum við sundlaug, sm er sunnanmegin við húsið. Loft timburklætt og veggir flestir múrhúðaðir. Útidyr í suðurhlíð í sundlaugaraðstöðu. Úr samkomusal eru alls 5 rýmingarleiðir. Úr handavinnustofu í kjallara eru tvær rýmingarleiðir. Hurðir í rýmingarleiðum úr íþróttasal eru fyrir 320 manns. Sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi er í hluta af byggingunni.

Niðurstaða:

Ekki eru miklar líkur á eldsvoða. Aðgerðir slökkviliðsins miðast fyrst og fremst við hvaða vindátt er og fjölda gesta. Vatnsöflun verður vandamál. Aðstoð þarf frá öðrum slökkviliðum. Bruni í byggingunni gæti valda nokkurri röskun á atvinnuástandi og þjónustu í byggðalaginu. Nauðsynlegt er að ganga frá hólfun byggingar og yfirfara brunaviðvörðunarkerfi. Athuga þarf aðgengi og magn slökkvivatns. Það tekur slökkvilið um 20 mín að komast á staðinn.

Dalalamb ehf, Ægisbraut 2, sláturhús

Byggingin er steinsteypt og er á einni og tveimur hæðum. Byggingin er byggð á árunum 1930/56/69/76 og er 3969 m². Þök eru rislaga og að mestu klædd með bárujárni. Byggingin er ein brunasamstæða.

Í suðurenda er stór frystiklefi (yleiningar í loftið (frauðplast með stáli). Annars er klefinn klæddur með báruðu stáli. Aðeins er ein leið í þessa klefa um hurð að frystiklefa gangi sem liggur til norðurs frá hurðin. Við þennan gang eru nokkrir frystiklefa. Klefarnir eru klæddir með báruðu stáli. Frá ganginum er komið að móttöku. Móttakan má heita gangur. Stór hurð er á austurhlíð. Við þessa stóru hurð er hurð að verkstæði og vélarsal. Frá vélarsal er einnig hurð á austurhlíð. Opið er með leiðslum. Frá móttöku gangi er einnig hurð að stigagangi upp á aðra hæð. Þarna er einnig rafmagnslyftari hlaðinn á opnu svæði. Hleðslutækið er í vélarsalum. Vestan við ganginn og til norðurs er kæliklefi. Þar er kjötvinnsla. Klefanum er skipt með Barkareiningum. Einnig er þarna gangur sem liggur að stórgripaslátrun í norðurhlutanum. Þar eru stálbitar í þaki (vestur) og bárað stál í loft. Bárað stál er einnig í lofti kæliklefa. Frá stórgripaslátrun eru hurðir á austurhlíð. Frá fjósi er opið með leiðslum að gærusal. Gærusalur er í norðurhlutanum. Í hluta lofts eru stálbitar í þaki og þakið er óeinangrað. Op eru upp á vinnslugang á annarri hæð. Í norðausturhorni er herbergi undir króka. Norðan við bygginguna er bárujárnsklætt stálgrindarhús. Þar er rétt. Frá þessu húsi er gangur upp á aðra hæð (vinnslugang). Opið er á millibygginganna. Á annarri hæð er vinnslugangur í norðurhlutanum. Hann er með austurhlíð. Opið er með nokkrum rörum niður á fyrstu hæð. Í lofti eru stálbitar. Í suðurenda þessa vinnslugang er steypur veggur. Í þessum vegg er lét hurð og einnig er gler í veggnum að skrifstofu og starfsmanna hæð. Þar eru flestir veggir steyptir. Í suðausturhorni borðsalur og er opið að eldhúsi sem er í norðausturhorni. Búningsherbergi eru í suðvesturhorni og skrifstofa í norðvesturhorni. Stigagangurinn niður af hæðinni er fyrir miðri austurhlíð. Á fyrstu hæð (undir eldhúsi) er kyndiklefi. Hann er utan gengur. Opið er með leiðslum að herbergi undir stiga en þar er hleri inn í ganginn og einnig er opið að móttökuganginum. Sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi er ekki í byggingunni.

Niðurstaða:

Ekki eru miklar líkur á eldsvoða. Aðgerðir slökkviliðsins miðast fyrst og fremst við vindátt. Vatnsöflun verður vandamál. Aðstoð þarf frá öðrum slökkviliðum. Nauðsynlegt er að ganga frá hólfun byggingar í samræmi við hönnun (sem þarf að gera) og koma brunaviðvörðunarkerfi í byggingunni. Bruni í byggingunni gæti valda nokkurri röskun á atvinnuástandi og þjónustu í byggðalaginu. Athuga þarf aðgengi og magn slökkvivatns.

Félagsheimilið Dalbúð, Miðbraut 8

Byggingin er steinsteypt, byggð árið 1965 og er á 1320 m². Segja má að skipting hússins sé eftirfarandi, jarðhæð: Félagsaðstaðan og rými henni tengt, kennslustofur og annað rými Tónlistaskóla Dalabyggðar, og hins vegar tvö kjallarárými.

Á jarðhæðinni eru eftirtalin rými: Aðalanddyri, miðkjarni og fatageymsla þar, salur ásamt leiksviði, og veitingarárými, sem afmarkast frá samkomusal með rennihurð (vínilefni). Á hæðinni er einnig eitt skrifstofu- og geymsluherbergi. Hreinlætisaðstaða karla og kvenna er í kjallara. Gengt er úr miðkjarna jarðhæðar m.a. í hreinlætisaðstöðuna. Í miðkjarna og sal er eitt dyraop í hvoru rýminu fyrir sig að kennslurými Tónlistarskólans. Hurðir þar venjulegar spjaldahurðir. Eldhús og rými því tengt er í norðurhluta jarðhæðar. Leiksvið í sal, yfir kjallara í austurátt, er úr timbri. Í suðurhluta jarðhæðar eru tvær kennslustofur Tónlistaskóla Dalabyggðar ásamt öðru rými tengdu skólanum. Í kjallara undir eldhúsi og veitingasal, er loftræstitækjaherbergi, fundarsalur fyrir u.þ.b. 30 manns, geymslurými o.fl. Í kjallara undir kennslustofum er hreinlætisaðstaða, sturtuklefar karla og kvenna, geymsluherbergi o. fl.

Kyndiklefi er sérstakt brunahólf og gengt í hann að utan. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í byggingunni.

Niðurstaða:

Ekki eru miklar líkur á eldsvoða. Aðgerðir slökkviliðsins miðast fyrst og fremst við hvaða vindátt er og fjölda gesta. Vatnsöflun ætti ekki að vera vandamál. Aðstoð þarf frá öðrum slökkviliðum. Bruni í byggingunni gæti valda nokkurri röskun á atvinnuástandi og þjónustu í byggðalaginu. Nauðsynlegt er að ganga frá hólfun byggingar og koma brunaviðvörðunarkerfi í húsið.

Félagsheimilið Árblik, Kvennabrekku

Byggingin er steinsteyppt, byggð árið 1981 og 1991 og er á 643 m². Samkomusalur og annað rými á jarðhæð, auk eldhúss, er eitt brunahólf. Eldhúsið er sérstakt brunahólf. A-EI60 hurð er á milli samkomusalar og stighúss í kjallara. Á jarðhæð hússins eru eftirtalin rými: Aðalanddyri, fatageymsla, samkomusalur, eldhús, hreinlætisaðstaða karla og kvenna og geymsluherbergi. Samkomusalurinn er 200 fermetrar. Úr samkomusalnum eru tvær rýmingarleiðir, og eru til gagnstæðra átta. Opið dyraop, 192 sm er á milli samkomusalar og gangs að útidyrum, aðalinngangi. Sama stærð er á dyraopi í aðalinngangi, tveir hurðarflekar þar sem opnast í rýmingaráttina. Önnur hurðin er auðopnanleg. Önnur rýmingarleiðin úr salnum er að útgangi í norðausturátt, hurð þar 86 sm. Tvær rýmingarleiðir eru úr samkomusal og einnig úr eldhúsi. Rými í kjallara: Salur u.þ.b. 130 fermetrar, sem nýttur er til fundahalds og gistingar á sumrum, svefnpokapláss. Í kjallara er einnig bókasafn og hreinlætisaðstaða. Ein rýmingarleið er úr kjallararýminu. Teikningarnar eru í nokkru ósamræmi við byggingu hússins, tilgreind stærð ófullnægjandi og kjallari ekki sýndur á teikningum. Þrjár rýmingarleiðir eru úr jarðhæðinni. Hurðir þar opnast í rýmingaráttina. Aðeins ein rýmingarleið er úr kjallara. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í byggingunni.

Niðurstaða:

Ekki eru miklar líkur á eldsvoða. Aðgerðir slökkviliðsins miðast fyrst og fremst við hvaða vindátt er og fjölda gesta. Vatnsöflun gæti orðið vandamál. Aðstoð þarf frá öðrum slökkviliðum. Bruni í byggingunni gæti valda nokkurri röskun á þjónustu í byggðalaginu. Nauðsynlegt er að ganga frá hólfun byggingar og rýmingarleiðum. Það tekur slökkvilið um 20 mín að komast á staðinn.

Dvalarheimilið Silfurtún, Gunnarsbraut 8

